

DAGSKRÁ

# Á KAFI ÚTI Í MÝRI MÝRIN 2023

ALÞJÓÐLEG BARNA- OG  
UNGLINGABÓKMENNTAHÁTÍÐ  
Í REYKJAVÍK 12.-14. OKTÓBER 2023  
Í NORRÆNA HÚSINU

FIMMTUDAGUR 12. OKTÓBER

FÖSTUDAGUR 13. OKTÓBER


LAUGARDAGUR 14. OKTÓBER

Málþing

Dagskrá fyrir skólahópa

Fjölskyldudagskrá

*Frítt er inn á alla viðburði og skráning fer fram á [myrinfestival@gmail.com](mailto:myrinfestival@gmail.com)*



Fimmtudagur 12. október

## MÁLÞING

Fyrirlestrasalur | Málþingið fer fram á ensku nema annað sé tekið fram.

- 9:00 – 9:10 SETNING MÝRARINNAR 2023  
Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra flytur setningarávarp.
- 9:15 – 9:45 UPPELSTUR OG VIÐTAL VIÐ JESSICU LOVE (US)  
Höfundur bókarinnar *Júlían er hafmeyja*. Sólvieg Ásta Sigurðardóttir bókmenntafræðingur spjallar við höfundinn.
- 9:45 – 10:00 KAFFIHLÉ
- 10:00 – 11:00 PALLBORÐ: HAFIÐ OG FANTASÍAN Í MYNDUM  
Myndhöfundarnir Anne Fiske (NO), Jenni Desmond (UK), Anais Brunet (FR) og Linda Ólafsdóttir (IS) taka þátt. Margrét Tryggvadóttir rithöfundur stýrir umræðum.
- 11:15 – 11:45 UPPELSTUR OG VIÐTAL VIÐ KENT KIELSEN (GL)  
Höfundur bókarinnar *Alþingi dýranna*. Upplsturinn fer fram á grænlensku en samtalið á dönsku.
- 12:00 – 12:30 HÁDEGISHLÉ

12:30 – 12:50    **NORRÆNI BÓKAORMURINN**

Er verkefni sem hefur það að markmiði að stuðla að lestri norrænna barnabókmennta. Mikaela Wickström frá Nordisk kulturkontakt í Finnlandi segir frá verkefninu.

13:00 – 14:00    **PALLBORD: HAFIÐ OG FANTASÍAN Í SÖGUM**

Rithöfundarnir Kristín Björg Sigurvinsdóttir, Gunnar Theodór Eggertsson, Ævar Þór Benediktsson og Eva Rún Þorgeirsdóttir taka þátt. Myndhöfundurinn Nick White (UK) stýrir umræðum.

14:00 – 15:30    **HLÉ**

Þátttakendur eru hvattir til að leggja leið sína í Vesturbæjarlaugina; *dýfa sér* í tengslamyndun og *svamla um* með kollegum á sama reki.

15:30 – 17:00    **VINNUSTOFUR MEÐ MYNDHÖFUNDUM**

Hér veita tveir myndhöfundar innsýn í sköpunarferli sitt og leggja örstutt verkefni fyrir þátttakendur. Hvernig verður saga til? Hvernig er hægt að örva ímyndunaraflid? Þátttakendur geta valið á milli tveggja vinnustofa: Nick White (Alvar fundarherbergi) og Lena Frölander-Ulf (Aino fundarherbergi).  
Skráning í vinnustofur á [myrinfestival@gmail.com](mailto:myrinfestival@gmail.com)

17:00    **HAPPY HOUR / GLEÐISTUND**

Drykkir í boði Franska sendiráðsins.

Föstudagur 13. október

---

## VINNUSTOFUR FYRIR SKÓLAHÓPA

Skráning á [myrinfestival@gmail.com](mailto:myrinfestival@gmail.com)

9:00 – 9:50

### SÖGUR AF HAFSBOTNI MEÐ KRISTÍNU BJÖRGU

Fyrir 8. til 10. bekk. Með Kristínu Björgu Sigurvinsdóttur höfundu *Dulstafaþrileiksins*. Höfundur les upp úr sögum sínum og leiðbeinir nemendum í ritsmiðju. Hvernig verður saga til? Hvar byrjar maður? Smiðjan fer fram á íslensku.  
Staðsetning: Fyrirlestrasalur Norræna hússins.

9:30 – 10:20

### SJÁVARDÝR Í MYNDUM MEÐ ANNA FISKE (NO)

Myndasmiðja fyrir 1. til 3. bekk. Norski rithöfundurinn Anne Fiske les upp úr bókinni sinni *Hallo Havet!* og leiðir nemendur í myndasmiðju um sjávardýr. Hvernig teiknar maður kolkrabba? Smiðjan fer fram á íslensku og ensku.  
Staðsetning: Barnabókasafn Norræna hússins.

10:30 – 11:20

### VERNDUN HAFSINS MEÐ KENT KIELSEN (GL)

Upplestur og kröfuspjaldasmiðja fyrir 4. til 7. bekk. Grænlenski rithöfundurinn Kent Kielsen les upp úr bókinni *Alþingi dýranna* og spjallar við nemendur um mikilvægi þess að vernda haf og sjávarlífverur. Í kjölfarið skapa nemendur kröfuspjöld með mikilvægum skilaboðum. Smiðjan fer fram á íslensku og ensku.  
Staðsetning: Fyrirlestrasalur Norræna hússins.

11:00 – 11:50 **NEÐANSJÁVARSLÖKUN MEÐ EVU RÚN**

Fyrir 3. til 6. bekk. Eva Rún Þorgeirsdóttir höfundur bókarinnar um Skeljaskrímslin leiðir slökun í neðansjávarhelli barnabókasafnsins á Íslensku. Staðsetning: Barnabókasafn Norræna hússins.

12:30 – 13:10 **SÆSKRÍMSLI MEÐ ÆVARI ÞÓR**

Upplstur og hittingur með höfundi fyrir 4. til 7. bekk. Langar þig að hitta Ævar Þór Benediktsson rithöfund og spjalla við hann um sögurnar hans? Í þessari smíðju mun Ævar Þór lesa upp úr sögunum sínum um hafið og svara öllum spurningum sem brenna á lesendum. Á íslensku. Staðsetning: Fyrirlestrasalur Norræna hússins.

13:30 – 14:10 **SJÁVARÆVINTÝRI MEÐ GUNNARI THEODÓRI**

Upplstur og ritsmiðja fyrir 8. til 10. bekk. Með Gunnari Theodóri Eggertssyni höfundi bókanna *Steindýrin* og *Drauga-Dísa*. Höfundur les upp úr bókum sínum og leiðbeinir nemendum í ritsmiðju. Hvernig verður saga til? Hvernig er hægt að sækja innblástur í umhverfið í kringum okkur? Á íslensku. Staðsetning: Fyrirlestrasalur Norræna hússins.

Laugardagur 14. október

---

## FJÖLSKYLDUDAGSKRÁ

Skráning á [myrinfestival@gmail.com](mailto:myrinfestival@gmail.com)

10:00 – 10:45 **NEÐANSJÁVARSLÖKUN MEÐ EVU RÚN**

Fyrir 6–12 ára. Rithöfundurinn Eva Rún Þorgeirsdóttir les róandi sögu úr hljóðbókinni *Sögur fyrir svefninn* í neðansjávarhelli barnabókasafnsins. Foreldrar og forráðamenn velkomnir. Lesturinn fer fram á íslensku. Staðsetning: Barnabókasafn Norræna hússins.

10:00 – 10:45 **HVALASMIÐJA MEÐ JENNI DESMOND (UK)**

Fyrir 3–7 ára. Hér kynnast þátttakendur sögunni um Bláa hvalinn og skapa sína eigin hvali. Smíðjan fer fram á íslensku og ensku.

Staðsetning: Fyrirlestrarsalur Norræna hússins.

11:00 – 11:45 **LEIÐSÖGN UM NEÐANSJÁVARSÝNINGUNA**

Allur aldur. Erling Kjærbo og Hrafnhildur Gissurardóttir frá Norræna húsinu leiða þátttakendur um undur hafsins á íslensku.

Staðsetning: Barnabókasafn Norræna hússins.

11:00 – 11:45 **VATNSRENNIBRAUTASMIÐJA MEÐ NICK WHITE (UK)**

Fyrir 8-12 ára. Hannaðu þína eigin vatnsrennibraut með því að nota skæri, lím og pappír í alls konar lit. Leyfðu hugmyndafluginu að ráða för! Hvaða vatnsrennibraut hefur þig alltaf langað til að sjá verða að veruleika? Smíðjan fer fram á íslensku og ensku.

Staðsetning: Fyrirlestrasalur Norræna hússins.

13:00 – 13:45 **HAFMEYJUSMIÐJA MEÐ JESSICU LOVE (US)**

Hannaðu þinn eigin hafmeyjubúning! Hvað einkennir hafmeyjur? Hvernig klæða þær sig fyrir ball? Hér getur þú fengið að vita allt sem þig langaði að vita um hafmeyjur og um leið skapað þína eigin. Smíðjan fer fram á íslensku og ensku.

Staðsetning: Fyrirlestrasalur Norræna hússins.

14:00 – 14:50 **NEÐANSJÁVARBALL!**

Allur aldur. Við lokum hátíðinni með því að slá upp balli í neðansjárhelli barnabókasafnsins. DJ Lóa úr FM Belfast, konfetti og hörkustud! OG enn þá skemmtilegra ef þú mætir í hafmeyju eða sjávardýrabúning.

Staðsetning: Barnabókasafn Norræna hússins.